


Ífgeislar

TÍMARIT UM LÍFSAMBÓND VIÐ AÐRAR STJÖRNUR • 64. TBL. 13. ÁRG. DESEMBER 1990



Sú þjóð sem ekki hefir forustu á neinu svæði mannglegrar hugsunar, getur ekki orðið í sannleika sjálfstæð, hvað sem í lögum segir.

(Helgi Pjeturss)

Ingvar Agnarsson:

Sólhverfið (Sjá forsíðumynd)

Sólin ásamt reikistjörnum þeim sem ganga umhverfis hana, auk allra þeirra tungla sem ganga umhverfis þær, kallast einu nafni sólhverfið.

Orðið sólhverfi er myndað með það í huga, að reikistjörnurnar hverfast (snúast) um sólina, samanber hina fögru vísu Heines:

„*Sama er mér. Því guðs hin góða
grund mun álík þar sem hér,
og um næturhelfing hljóða
hverfast stjörnur yfir mér*“.

(Þýðing Málfríðar Einarsdóttur).

Frá elstu tímum voru þekktar reikistjörnurnar *Merkúr*, *Venus*, *Mars*, *Júpiter* og *Satúrnus*, sem allar sjást vel með berum augum. Síðar bættust við *Úranus* (fundin 1781), *Neptúnus* (fundin 1846) og *Plútó* (fundin 1930).

Til sólhverfisins teljast einnig *halastjörnur* og þúsundir *smástirna*, sem ganga á braut um sólu milli Mars og Júpitera.

Flestir stjörnufræðingar telja, að ýmsum sólstjörnum öðrum fylgi reikistjörnur, og að okkar sól með sínum 9 fylgihnöttum sé að því leyti ekki undantekning heldur muni margar slíkar finnast í geimnum.

JÖRDIN er bústaður okkar mannanna. Segja má að sólhverfið í heild sé bústaður okkar, og eins má með réttu segja að alheimurinn, með sínum óendanlega hnattaskara, sé ekki síður heimkynni okkar, því jörð okkar er „á himni“ ekkert síður en aðrar stjörnur. Hún er aðeins ein í þeim systrahóp. Á myndinni kemur vel fram, hvernig sólhverfi okkar (sólin og fylgihnettir hennar) ber við sjálfa vetrarbrautarslæðuna, en hún er mikið sólnasafn, þar sem a.m.k. hundrað þúsund milljónir sólstjarna (ásamt fylgihnöttum) mynda afmarkað aðráttaraflsvæði (eitt af milljörðum slíkra í geimnum).

ERINDI OG GREINAR

Þorsteinn Guðjónsson:

Áhrif magnanarinnar

Ódeilin samstillast síðan, fyrir áhrif magnanarinnar, á sifellt margfaldlegri hátt, uns þar kemur, að samböndin verða fær um að hefjast við magnanina frá uppsprettu kraftarins, á það stig, sem vér köllum líf.

Nýall, 2. útg. s. 261

Óneitanlega voru það góðar fréttir, þegar Þorsteinn líf-efnafræðingur frá Húsafelli flutti þau vísindatíðindi - smám saman - á sjötta áratug aldarinnar og síðar, að fundið væri í lífnafræðinni hvar skilin lægju milli lifandi og líflauss efnis. En við slíkum tíðindum, að vísindin (almenn vísindi) hafi fundið það sem máli skiptir um lífið, bregðast menn með tvennu móti: með andúð eða mótpróra (flestar vegna trúarlegra sannfæringa) eða með eftirvæntingu og glöðum hug, af því að þeim finnst málín vera að skýrast. Að því er mig snertir, þá þótti mér þetta hin bestu tíðindi, og til mikils stuðnings við skilning Nýals á sambandi lífs og efnis.

Þeir sem kunnugir eru ritum dr. Helga, vita, að hann taldi sig hafa fundið mikilvæga setningu eftir Pýþagóras höfuðspeking, sem farið hefir framhjá öðrum fræðimönnum um forngríkska heimspeki; segir Pýþagóras þar, að „**sálar manna og dýra séu komnar frá stjörnunum**“. Hafði Helgi þessa setningu frá Hippolýtosi fornbiskupi, þar sem sá var að lýsa andúð sinni á kenningum hinna heiðnu spekinga. Það var í rauninni mjög ótrúlegt að dr. Helgi skyldi verða fyrstur til að finna þetta, því svo rækilega hafði verið leitað í öllum grísk-rómverskum ritum að setningum eftir Pýþagóras og aðra For-Sókratinga (mennina á undan Sókratesi).

Á yngri árum, fyrst eftir að ég kynntist hinni íslensku heimspeki, fágaði ég þann sið að vefsengja Nýal - þrátt fyrir

einlæga aðdáun mína á honum - þangað til sannreyst væri. Pannig var það mitt fyrsta verk, þegar ég varð rólfær af sjúkrahúsi í Danmörku, að fara á bókasafn og gá að því hvað stæði í bókinni Filósófúmena eftir kirkjuföðurinn Hippolýtos. Það brást ekki; þarna var það, með sömu orðum og Helgi hafði sagt.

Alls ekki datt mér í hug, að sjálfur ætti ég eftir að bæta við þennan fund Helga varðandi forngrískra speki, en þó var það svo, þegar ég fór að fletta bók með smáköflum úr þeirri speki, sem fyrrum skólafélagi minn hafði sent mér, að þá blasti þar við mér þessi setning frá Herakleitosi: „**Lífið er neisti frá efni stjarnanna**“. Parna er næsta lík hugsun og hjá Pýthagórasí (sem var lítið eitt eldri) en þó með allt annarri framsetningu, og að sumu leyti fer Herakleitos þarna nær því sem síðar varð íslensk hugsun. Auðvitað „fann“ ég þetta ekki, því að það voru fræðimenn búnir að gera og setja það í safn og gefa út á nútímatungu; en ég gerði mér grein fyrir því, og það var út af fyrir sig nokkur áfangi.

En nú kemur að því, sem er kjarni málsins, hvaða þýðingu þessar tvær setningar hafa í sambandi við nútíma vísindin og íslenska hugsun.

Pegar í unglingskóla og barnaskóla lærðum við um frumefnin sem ganga saman í efnasambönd, og sum efna-sambönd, af kolefni og öðrum efnunum mynda þann flokk, sem kallast lífræn efni, sem þó kallast ekki lifandi, enda teljast bæði kalk og brennivín og sykur til þessa flokks. En kolefnasamböndin hafa það fram yfir alla aðra efnaflokka að geta orðið sífellt flóknari og margsamsettari, og hafði mönnum tekist, þegar á mínum æskudögum, að gera sér mynd af sífellt stærri samheildum efna af þessu tagi. Sumir munu reyndar hafa vonað, að á þessari samsetningarleið yrði gáta lífsins að lokum fundin, en aðrir munu hafa vísað slíku frá sér, talið að lífið væri leyndardómur, sem ekki yrði skilinn.

Pegar ég las það í Nýal (sjá t.d. Leiðin fram, Nýall, s. 256-261), að „**allt efni stefnir til lífs, stefnir til þess að verða lífinu háð og fullkomnast af því**“ og fjölmargar setningar

aðrar um það hvernig almátturinn magnar fram efnið, þótti mér sýnt að heimspeki Nýals ætti samleið með þeirri stefnu, sem ætlaði sér að finna lífið á vegum efnasambandanna. Þegar svo var ljóst orðið, fyrir starf Cricks hins enska og annarra, að stórsameindirnar DNA, RNA og prótein ótaföld - allt síkvikandi og iðandi - eru byggingarsteinar alls lífs á jörðunni, þótti mér sýnt, að þarna væri brúin fundin milli lífs og lífvana efnis. Þarna var það, sem efnið var hafið upp á stig lífsins - einhverntíma í þróunarsögunni (fyrir svo sem 3500 milljón árum) - eins og lífið hafði sig síðar upp á vitstig („**Í manninum hugsa jarðefnun**“). Með því að hafa þetta frá hendi hinnar viðurkenndu efnafræði þótti mér sem stórum fastara væri undir fótum með kenningu Nýals í heild, - **gagnvart öðrum** - enda þótt ég hefði þá fyrir löngu gert mér ljóst sjálfur, að hún væri rétt, og hefði þegar nægar undirstöður.

Það að þróun nútíma vísinda væri þarna - alveg óháð því, sem fundið var hér um 1910-1950 að „hlaða undir“ hina íslensku heimspeki, þótti mér hinn mesti ávinnungur.

Rifjum svo hinsvegar upp, hvernig menn öðluðust trausta sannfæringu um gildi kenningar Nýals, **áður en** þessi stuðningur og annar kom fram. Einn aðalþáttur Nýals er kenning um eðli svefns og drauma; þessi kenning er mjög auðskilin og þarf ekki sérfræði til að skilja hana. Á þessum grunni var míin sannfæring reist. Sýnt var fram á náin tengsl draumsambandsins við miðilsamband og miðilfyrirbæri; einnig við ýmislegt sem hinar ýmsu tegundir trúarbragða hafa sumstaðar og stundum þóst eiga einkarétt á; þetta var allt tekið til náinnar yfirvegunar. - Það má með nokkrum rétti segja, að með þessari aðferð sé „alheimurinn skoðaður innan frá“, þar sem nútíma vísindi byggja mest á því að skoða hann utan frá. Hvortveggja leiðin getur legið til sömu niðurstöðu; sbr. draum minn vorið 1949, þegar mig dreymdi útsýnið frá hnetti í þéttri sólnaþyrpingu (kúluþyrpingu); en síðar las ég í stjörnufræði, að slíkar þyrpingar væru til.

Tilefni þess sem hér er sett á blað var setning sú eftir Pýthagóras sem nefnd var hér að ofan, og stendur á bls. 57

í Ennýal 2. útg. Í framhaldi af því segir dr. Helgi: „**Að vísu er ekki tekið fram (hjá Pýþagórasí), að sálirnar í hinum lifandi verum á jörðu hér, séu neisti eða geislun frá sálum lifandi vera, sem aðrar stjörnur byggja; en þó má segja að þarna séu frumdrögin að lífgeislunarkenningunni um uppruna lífsins“.**

Það er þetta sem kenning Nýals leiðir í ljós: við erum neisti eða geislun frá sálum lifandi vera, sem aðrar stjörnur byggja. Venjulegt draumgjafasamband er aðeins sem lítt skuggi eða eftirmund þessa frumsambands sem er undirstaða lífs okkar hvers og eins, „frá getnaði til grafar“ og þetta samband er það sem eflast má og batna til mikilla muna, hvenær sem menn vilja gefa því þau skilyrði sem nauðsynleg eru.

Það segja sumir að um drauma hafi hér á Íslandi meira verið talað en víðast annarsstaðar, og ekki aðeins á síðari áratugum, heldur alla tíð. Þá hugmynd rak ég mig stundum á, fyrrum, að draumar væru eitt af því, sem ekki ætti eða mætti tala um; var þar um hleypidóm að ræða, sem lengi hafði gengið, og var af trúarlegum rótum fyrst; en á þessari öld tengdist hann þeirri trú, að draumar séu helst ekki annað en upplýsingar um kynferðismál þess sem dreymir; nægði þetta til að hræða marga frá því að segja drauma sína.

Úlfur Ragnarsson læknir, sem mér hefur lengi þótt vera hlustandi á um drauma fremur en marga aðra, skrifar um það efni í Lesbók Mbl. 24. febr. sl. og nefnir með nöfnum fræðimenn erlendis, sem hann telur sig hafa lært af margt um drauma - þeirra á meðal Carl G. Jung og eftirmenn hans í Sviss - og segir síðan með Forngríkkjum: *Pekktu sjálfan þig!, en bætir svo við:*

„Pegar þú (þ.e. lesandinn) ert í þeirri aðstöðu, að öll sund virðast lokað, bendir draumgjafinn á leið. Draumgjafinn? Hver er sá - eða sú? Draumgjafinn er þinn innri maður - sá eða sú, sem þú reynir að birta í starfi, hvenær eða hvar sem það verður, ljósengillinn í þér“

Varla get ég sagt, að Úlfri R. hafi tekist „ljósengilslega“

upp í þessum orðum. Hann tíundar skilmerkilega lærifeður sína, Carl G. Jung - sem enginn mun neita, að hafi verið leitandi fræðimaður - Edgar Cayce (sem öll sín afrek vann hálfs- sofandi) og Mark Thurston (Þorsteins-nafni þar enn einn!), en segir ekki hver kenndi honum orðið draumgjafi.

Orðið draumgjafi er íslenskt að uppruna, hefur verið í notkun hér á landi í ein 75 ár: og eftir því hafa verið mynduð samsvarandi erlend orð: Dreamgiver, Traumgeber, Oneiro-pios, Drömgiver. Sá sem myndaði orðið var málsnillingurinn Helgi Pjeturss, en þó er það ekki málsnilld, sem þarna er aðalatriðið, heldur hvaða merking orðið hefur. Vísindaleg uppgötvun býr þar að baki. Þar hafa Úlfri Ragnarssyni fastast tökin, því hann þýðir orðið eftir gamalli hjátrú sinni, en þykist ekki vita um rétta merkingu þess.

Maður sem var við refaveiði uppi á Arnarvatnsheiði, vaknaði í kofa sínum við það, að hann þóttist heyra þessi orð: „Nú er hún dauð þessi belja.“ Þegar hann kom heim fékk hann að vita, að kýrin væri dauð, að kona hafði sagt þessi orð, og maður heyrði þau. Draumgjafi var ekki sú sem sagði orðin, því síður einhver „innri maður“ heldur sá sem heyrði þau. Við hann var sambandið, og sál hans varð um stund sál hins, sem heyrði rödd í draumi.

Merking sú sem Úlfur leggur í orðið draumgjafi svarar til þess, að einhver sem ætlaði að segja frá Kópernikusi og bók hans um umferðir himinhnattanna, hamraði í sífellu á því, að umferðir þyddu þar kyrstaða. Og því miður verð ég nú að segja það um þann ágæta mann Úlf, þrátt fyrir góða frásögn hans á stundum, að kyrstöðukenningar eru það sem hann aðhyllist.

Vera má þó að úr rætist. Svo kynlega vill til á mynd þeirri, sem Úlfur hefur sett með grein sinni, þar sem sýnt er inn í heilabú manns, að þar er hnöttur á sveimi í himingeimi. Og ef nokkuð er til í heimi hér, sem ekki er ímyndun, þá eru það hnettir himingeimsins. Á einhverjum slíkum hnetti á Úlfur að leita draumgjafa síns, raunverulegs manns en ekki brjóst-búa.

Helgi Pjeturss:

Ónógar varnir

(Brot)

Norðurlandaþjóðirnar hefðu getað haft forustu fyrir mannkyninu á rétta framfaraleið. Þarf til þess að skilja það, ekki annað en minnast þess, hvernig á Norðurlöndum hafa orðið ýms upptök þeirrar þekkingar, sem mannkyninu hefir drýgst orðið til framfara. Einnig má minnast þess, að saga hefir hér á Íslandi verið betur rituð en áður hafði gert verið. Aðalorsakarinnar til þess að forustan brást, verður að leita í því, hvernig norraenar þjóðir slitnuðu frá sinni fortíð og týndu hinu forna tungumáli, sem ég hygg, að framfara-hæfara sé og meir eflandi andlegan þroska en nokkurt annað hér á jörðu. Norðurlandaþjóðirnar megnuðu ekki að verjast ýmsum óhollum útlendum áhrifum. Og þeim varð einungis ónóglega ljóst, hve mjög Íslendingar hefðu getað orðið þeim að liði í þessum efnum. Og verður þó að muna eftir því, að sú tegund manna, sem hugsar hinar nýju hugsanir, og alstaðar hefir átt mjög erfitt uppdráttar, hefir hvergi síður en á Íslandi átt þess kost, að geta náð þroska og orðið að notum.

Þýðing tungumálsins fyrir andlegan þroska virðist mér jafnvel koma nokkuð fram í því, hversu heimspeki nútímans er þunn og ófullnægjandi, hjá því sem þurft hefði að vera. Aðeins að nokkur leyti hefir verið haldið áfram af hinni stórkostlegu tilraun Forngríkkja til skilnings á tilverunni. En af því, að framhaldið hefir ekki verið fullkomnara, leiðir, að mannkynið er ennþá á villigötum, og hefir t.d. ekki náð því yfirliti yfir tilveruna, sem nægja mundi til þess að styrjaldir legðust niður.

Úr Sannýal (bls. 218).

Feigðarsýn

Þegar ég var 14 ára, var ég í Flatey á Breiðafirði, hjá hjónum, sem hétu Guðlaug og Gunnlaugur. Þessi hjón höfðu það fyrir fasta reglu að kaupa mjólk hjá lækni, sem þar bjó, Magnúsi að nafni. Bjó hann dálítið fyrir ofan þorpið. Það var starf mitt að ná í mjólkina. En á þessari leið, dálítið neðan við götuna, var bátavör, sem ég varð að fara framhjá.

Þegar ég er komin góðan spotta eftir þessari götu, þá kemur maður upp úr fjörunni og er hann í sjóstakk og hefur hatt á höfði. Hann kemur á móti mér og finnst mér ég kannast viðmanninn. Þá stansa ég um stund, vegna þess að hann kemur úr þessum stað, því ég vissi að hann átti heima í Hvallátrum og var sonur Ólafs stórbóna þar.

Ekki sá ég framan í manninn því hann gekk svo álútur. Eitthvað fannst mér undarlegt viðmanninn, svo ég sneri við og leit ekki aftur. Er ég var komin góðan spotta áleiðis heim, lít ég aftur en sé þá ekki manninn. Þá fór ég að hugsa að skammarlegt væri að koma heim með tóman brúsann. Herði ég þá upp hugann og sný aftur við, en þegar ég fór til baka þá bað ég dóttur læknisins að labba með mér áleiðis og gerði hún það. Hún fór með mér hálfa leiðina, en ég sagði henni aldrei hvað ég hefði séð.

Þegar ég kom heim, sagði ég húsbóna mínum það, og sagði hann þá: „Kannski hann sé feigur“.

Daginn eftir er sent heiman að frá þessum manni til þess að fá hjálp til að slæða. Þessi maður, sem ég sá, var sonur Ólafs og með honum var fóstursonur Ólafs. Fóru þeir að taka upp grásleppunet og drukknuðu báðir. Annar var flæktur í netinu, en hinn fannst nokkru seinna. Var hann sonur Ólafs í Látrum, eins og áður sagði.

Katrín Sólbjartsdóttir.
(Ritað í maí 1989).

Ingvar Agnarsson:

Að athuga eigin drauma

Á hverri nóttu förum við í einskonar ferðalag til fjarlægs staðar, oftast til annarrar himinstjörnu, þar sem okkar líkar eiga heima, og eru stundum lengra eða skemmra komnir í þroska. Draumferðalag, draumfarir er það sem hér um ræðir. Allir sofa og alla dreymir.

Í draumi samsálumst við öðrum manni fjarlægum, að meira eða minna leyti. Hann verður okkur draumgjafi, draumskapandi. Hann er vakandi meðan draumsambandið varir. Hann er sá sem draumurinn stafar frá. Hann er gerandinn. Þá finnst okkur við vera sá sem er draumgjafinn. Hans reynsla, hugsanir, athafnir, minningar, verða okkar, meðan draumur stendur yfir. Það er ekki fyrr en við



Mörg tungl á lofti geta aldrei sést frá okkar jörð, en í draumum eru sliðar sýnir vel þekktar.

vöknum, sem við uppgötvum, að við sjálf vorum ekki og gátum ekki verið gerendur draumsins, heldur var þar um annan mann að ræða, meðan okkur dreymdi og við vorum í nánu sambandi við hann, þannig, að segja má, að við höfum samsálast honum meðan draumur stóð.

Rifjum upp og hugleiðum draum okkar með athygli og leggjum hlutlaust mat á draumreynslu okkar. Þá munum við í mörgum tilvikum geta séð, að ekki gat verið um eigin hugsun okkar, minningar, sjón eða athafnir að ræða.

En rangþýðingar í draumi eru líka algengar. Reynum að átta okkur á þeim, því oft sjáum við í draumi annað en það, sem okkur finnst við sjá. Við sjáum t.d. hús í draumi og okkur finnst það vera okkar eigið hús. En er við vökn og minnumst hins draumséða húss, má oftast sjá einhver frávik, meiri eða minni, sem sanna að ekki var hér um okkar eigið hús að ræða. Reynum að athuga vel þennan mismun draumsýnar og vökuþýðingar.

(612. M. 30.I.1990.)



Ur bókinni Galaxies bls. 155.

Um blávegu víðgeimsins bлика sólir og vetrarbrautir í meira mæli en tölum verði á komið og vekja undrun okkar og aðdáun á mikilleika alheimsins og þeirra fjarlægu veralda sem bar getur að líta. Myndin sýnir vetrarbrautahvirfingu í Meyjarmerki í 70 milljóna ljósára fjarlægð.

Þorsteinn Guðjónsson:

Minningafræðin

Ég lagði við hlustir og þóttist heyra, að það væri ein af smáútværpsstöðvunum, sem væri á og að umræðuefnið væri af dulrænum toga. Dulræna er misskilningur á merkilegum hlutum, og þess vegna legg ég stundum eyrun við. Ef dulrænumaðurinn er einlægur og uppgerðarlaus, segir frá einhverju sem raunverulega hefur komið fyrir hann, má stundum hafa gagn af frásögn hans. En því var nú ekki að heilsa, því að sú sem talaði, og talaði mikið, viðstöðulaust, hafði nákvæmlega ekkert að segja frá sjálfri sér, en því meira af „þeim hálærðu í útlöndum“. Það var konan míن, sem hafði opnað, og var sem dolfallin yfir þeim flaumi, sem yfir hana dundi.

Petta var dulræna af nýjustu sort: ungar ungbarñasálin eru ekki framleiddar lengur upp á astralplaninu, sem geimförin hafa farið í gegnum, hvað eftir annað, svo að göt komu á það, og þar með er þróunin komin á nýtt stig, og menn eiga að fara að hugsa sig um, og verða þannig hæfari á vatnsberaöld o.s.frv. Dr. Mehe Hósé kemur til landsins í mars frá Berkley CA til að fræða um þetta, og þá eiga allir að falla á kné, enda skildist mér þessi boðaða koma gúrúsins vera aðal-eftirvænting hinnar mælsku dulrænu forystukonu á Aðalstöðinni, miklu fremur en vatnsberaöldin og nýskap- aðar sálar eða skortur á þeim.

Þorsteinn Björnsson úr Bæ, cand theolog. sagði við nafna sinn fyrir 60 árum (eða 55?), að endurburðartrúin væri verri en kaþólskan. Ungi maðurinn ætlaði ekki að trúá þessu, en þegar hann sagði mér frá hinu sama nokkrum áratugum síðar, sagðist hann helst verða að ætla að þetta væri ekki ofmælt. En hvað er endurburðartrúin? Hún er í stuttu máli

það, að Jón og Gunna séu í rauninni alls ekki þau sem þau sýnast, heldur Guðmundur og Jóna, sem uppi voru á öldinni sem leið eða fyrr, og Guðmundur og Jóna þá væntanlega ekki heldur þau sjálf, og þannig koll af kolli aftur í gráa forneskju. Enginn var í rauninni, sá sem hann var, og þannig er mannkynssagan eitt allsherjar ómark, enda voru sálar miklu færri þá, aðeins nokkrar milljónir, en síðan hefur orðið að sækja milljarðana upp á hið götótta astralplan.

Það er helst af unga manninum að fréttu, þeim sem ungar var fyrir sextíu árum, að hann gerði sér af reynslu sinni kenningu þá sem nefnd er minningafræðin. Þessi minningakenning hefur reynst mér vel, þegar spurt hefur mig fólk, sem vill vita - en slíkt fólk er til. „Hvað er ég sjálf“, spurði stúlkan, en ég svaraði: Þú er minningar, minningasafn, sem sífellt bætir við sig af atburðunum. Þetta svar lét hún sér duga, enda var hún bæði greind, vel hugsandi, vel viljuð og sjálfstæð. Hún var frá Svíþjóð, en minningakenningin er íslensk og er ættuð frá bóndamanni. Hún er banabiti endurburðarkenningarinnar.

Mbl. 01. 02. 1990.

Myr

Helgi Pjeturss

Því meir sem menn kynnast náttúrunni, því víðar sem þeir skilja og dýpra, því merkilegri reynist hún. Hugleiðið þann mun, sem er á heimsþekkingu apans og mansins, og hvorum muni virðast furðulegri náttúran. Og þó er munurinn á heimsþekkingu guðsins og mansins ennþá meiri. En það sem best er í manninum og fugurst, svarar til apans, líkt og guðinn svarar til mansins. Nafn apans er leitt af því, hvað hann kann illa að ganga; sbr. að vappa; nafn mansins, af því að hann er uppréttur. En nafn guðsins af því að hann lýsir. Hann er svá fagr álitum ok bjartr, at lýsir af honum, segir um Baldr, í hinni helgu sögu.

(Úr Nýal, Sambandsmál bls. 270).

Ingvar Agnarsson:

Hvar er „himnaríki?“

Í dagblaði einu birtist athyglisverð grein ”Maður og trú”, eftir Sigurð A. Magnússon, rithöfund.

Ég ætla ekki að gera þessa ágætu grein að umtalsefni, en langar aðeins til að staldra við eitt atriði hennar. Þar segir:

*”Hvert hvarf þá Jesús þegar hann yfirlagf þennan táradal?
Samkvæmt gömlu heimsmyndinni hvarf hann upp til föður
síns á himnum. Samkvæmt okkar heimsmynd eru þessir
himnar hvergi til í alheiminum.”*


Rétt er það, að samkvæmt okkar heimsmynd eru engin ákveðin kristalshvel uppi yfir jörðunni, eins og sumir miðaldamenn héldu. Samt sem áður verðum við að gera ráð fyrir, að himnar fornmannna hafi verið raunverulegir staðir í alheiminum. Þá var ekki vitað hvað stjörnur eru. Nú er vitað, að stjörnur eru sólir, og gert er fastlega ráð fyrir, að flestum þeirra fylgi reikistjörnur, og þá má vissulega búast við að margar þeirra séu byggðar þroskuðum og vitibornum verum.

Þar sem bíblían talar um himnaríki og sömuleiðis Edda og fleiri forn trúarrit, þá er rökrétt að gera ráð fyrir að hér sé um að ræða byggða hnetti í öðrum sólhverfum, þar sem lífið er á svo háu stigi þroska, kærleika og góðvildar að í sannleika megi tala um himna og himnaríki og um guðlegar, máttugar verur, sem þar eigi heima.

Upphaf hinna ýmsu trúarbragða mun einmitt vera það, að vitranamenn fengu sambönd við þessar lengra komnu verur á öðrum hnöttum.

Okkur þarf að skiljast, að himnar löngu horfinna kyn-

slóða, eru einmitt lífheimar annarra jarðstjarna í öðrum sól-hverfum, og að þangað sé að leita skýringanna á þeim samböndum þ.e. sýnum og vitrunum, sem sjáendur allra tíma hafa fengið að reyna, þar á meðal þeir, sem urðu upphafsmenn hinna ýmsu trúarbragða, sem svo mikil áhrif hafa haft á alla sögu mannkynsins.



The Astronomers Manual (pls. 207).

Gunnar Hjörvar:

Vakning við sjóinn **(Hugleiðing)**

Það var að hausti til fyrir stríð. Hópur ungs fólks var samankomin í gamla bænum að Straumi. Allt var svo friðsælt þar þá. Kristilegt félag ungra kvenna hafði umráð yfir hluta hússins á þeim árum.

Um kvöldið var haldin venjuleg kristileg samkoma, sem þeir einir þekkja, er tekið hafa af einlægni þátt í slíkum stundum. En í þetta sinn var eitthvað sérstakt yfir samverunni. Guð virtist svo nálægur. Þó var eins og unga fólk ið fylltist einhverri skelfingu. Það fór að játa syndir sínar og gráta. Eftir samveruna þarna suður frá, kom það inneftir til Hafnarfjarðar og var þar á almennri samkomu. Og hér var komið eins og nýtt fólk. Það vitnaði um guð af eldmóði og síðan hefur sumt af því myndað kjarna í hinu kristilega starfi.

Árin líða og margar góðar samverustundir. Fólk kemur og fer. Á einni slíkri samkomu stendur ungur maður upp. Hann er nýkominn frá Noregi. Þar hafði orðið vakning á eyju við vestur-ströndina. Fólk fékk þessa skelfingu í sig. Sumt þyrptist á kristilegar samkomur en aðrir fóru á krána. Það fylgdi fréttinni, að fiskimenn eyjarinnar hefðu fengið óvenju góðan afla og var það þakkað vakningunni. Svo kröftug var vakningin, sagði ungi maðurinn, að maður, sem var á ferð út í eyjuna, varð fyrir vakningunni á miðri brúnni yfir sjávarsundið milli eyjar og lands. En það hefði verið eins og skelfingin lægi í loftinu. Menn gengu eirðarlausir fram og aftur.

En niðri í sjónum umhverfis eyjuna voru fiskitorfur í háska staddir. Í skelfingu æddu þær um sundin í leit að skjóli. Pröngin varð gífurleg, þar sem torfurnar þrengdu að utanfrá. Slíkt lífmagn hefur áhrif á fólk uppi á landi. Við þekkjum þessa tilfinningu frá sauðfé í réttum.

Eftir að ungi maðurinn hafði talað, stóð upp gamall sjómannatrúboði. Hann fór að minnast vakningar meðal sjómanna á Siglufirði á árunum fyrir stríð. Var þetta ekki gott síldarár spurði ég hann á eftir. Hann þagði.

Nú nýlega kom ég í Straumsvík. Félagsmönnum í Kristilegu félagi ungra manna, var boðið að skoða mannvirkin í álverinu. Á eftir þáðum við kaffi. Ég fór þá að velta fyrir mér vakningunni að Straumi. Hvað var öðruvísi við þann stað en aðra þarna? Þá kom það. Menn fóru að tala um, hvað valdið hafði staðarvali verksmiðju þarna. Aðdýpið er hér meira en annarsstaðar í nánd. Var það fiskurinn í sjónum, sem vakningunni olli?

Helgi Pjeturss talar um það í bókum sínum, með hvað miklum háska fiskurinn leiti upp undir löndin til þess að hrygna.

Það er ekki svo að skilja, að fiskurinn valdi vakningu í sjálfu sér, heldur getur slíkt lífmagn orðið farvegur guðlegrar veru eins og fjárhópurinn á jólanótt.

Í Framnýal bls. 25 segir, að meginerfiðleika á sambandi við lífið á stjörnunum mætti yfirstíga með því að leggja saman lífafl manns og dýrs. Og er þar bent á fugla, sem sérstaklega hentuga í þessu skyni.

Gunnar Hjörvar.
29. 10. 1980.

Spurningar til athugunar:

Gæti ekki vakning fólksins á samkomunum í Noregi að einhverju leyti stafað frá lífmagni fiskitorfanna sem stefndu upp að eyjunni? Og gæti ekki skelfing fólksins, sem greip það í næstu andrá, stafað af skelfingartilfinningu fiskanna, er þeir fóru að skynja þann mikla háska, sem þeir nú voru komnir í?

Og gæti ekki fagnaðartilfinning fólksins í Straumsvík og síðan skelfingarskynjun þess, hafa skapast af hliðstæðum ástæðum?

Gleði eða skelfing einnar lífveru getur verkað á aðra, ekki síst ef um skyldleika viðkomandi tegunda er að ræða.

S. S. T.

Þorsteinn Guðjónsson:

Reikistjörnur við Vegu (Suðurstjörnu)

Góður kunningi minn, ungur maður í ætt við mig, spurði mig varfærnislega, hver væri skoðun mín á uppruna sólhverfisins. „Sama skoðun og flestir stjörnufræðingar,“ svaraði ég, „að efnisský umhverfis sólina hafi bæði tekið að þéttast og snúast, unz þeir kekkir urðu til, sem síðan urðu að reikistjörnum.“ Ég fann að frænda mínum létti. Hann hefur líklega óttazt, að ég væri með „sérskoðanir“ á flestum hlutum, sérstaklega á þessum sviðum. Og þar sem honum er vel við mig, hefur hann viljað verja mínar skoðanir, en fundizt erfitt að þurfa að verja það, sem væri í mótsögn við viðurkennd vísindi.

En hvað álita stjörnufræðingar um þetta mál, og hvað hefur verið álitíð? Saga Vesturlanda síðustu aldirnar er ekki sízt saga hinna vaxandi vísinda. Ef talið væri frá 1600 til 1900 þá fer þeim jafnt og þétt fjölgandi, sem hugsa og tala um líf á öðrum stjörnum, og hefur sú hugsun jafnan verið vakandi þar, sem vaxtarbroddur vísindanna var. En um 1930 urðu merkileg, og ég vil segja óskemmtileg straumhvörf í stefnu vísindanna hvað þetta varðar. Sir James Jeans kom fram með þá kenningu, að fæðing sólhverfisins mundi hafa orðið eins og nokkurskonar getnaður, þar sem aðvifandi sólstjarna átti að hafa togað efni út úr þessari, en úr því hefði reikistjörnur síðan skapazt. Flatjörðungar glöddust mjög við þessi tíðindi, því þau þýddu, samkvæmt útreikningi, að slíkur atburður væri alveg einstæður, og þar af leiðandi væri þetta sólhverfi hið eina í alheimi, og þess vegna skipti alheimurinn ekki máli. Það hafði lítil áhrif, lengi vel, þótt það sannaðist, að útreikningar James Jeans stæðust ekki (Carl

von Weizsächer 1942). Vilji flatjörðunga var svo miklu sterkari en allt annað hér, og þegar ég minntist á það í flugdiskafélagi erlendis um 1965, með hálfu öðru orði, að líf mundi vera viðar en hér, tendraðist einn fundarmanna svo upp af reiði að augun glóðu og bunan stóð út úr manninum, um leið og hann vísaði einmitt í getnaðarkenninguna um upphaf sólhverfisins, sem þó var löngu afsönnuð. En hvað sem slíkum atvikum leið, þá munu þeir sem skynsamir þóttust vera á þessum árum hafa raðað röksemendum sínum saman eitthvað á þessa leið.

„Spurningin um uppruna sólhverfa verður ekki útkljáð með heimspekkilegum rökum og ályktunum einum saman, heldur verða beinar athuganir að koma til eða mæling geislunar. Við getum smiðað tilgátukerfi, líkön,“ segja þeir, „en við verðum að geta séð jarðstjörnurnar sjálfar eða eitt-hvað, sem þeim tilheyrir, til að staðfesta þessi líkön eða til-gátur.“ En þetta er einmitt það, sem nú hefur sannazt, á árinu 1986, og er þessu nokkuð vel lýst í tímaritinu Illusteret Videnskab, nóvemberhefti þ.á., og mun ég þó fara fljótt yfir þá sögu hér.

Það hefur sannazt, með afar næmum tækjum í gervitunglinu IRAS, sem skotið var upp 1983, að frá Blástjörnunni (Vega) kemur hálfu meira af innrauðum geislum en búizt hafði verið við, eftir langar og vandaðar rannsóknir. Þegar betur var að gætt, kom í ljós, að hin innrauða geislun kom frá kringlu eða sveim, af örögnum saman settum, sem eru umhverfis Blástjörnuna. En þessar öragnir eru sama eðlis og þær sem finnast umhverfis okkar sól, í þeim fleti (plani), sem einnig reikistjörnurnar eru í. Á einfaldan hátt sagt þýdir þetta það, að allt eins og þessi agnaveimur umhverfis sólina er leifar af því skýi umhverfis hana, sem með tíð og tíma breytist í reikistjörnur, þannig eru samskonar leifar umhverfis Blástjörnuna, og má því ætla, að þar séu reikistjörnur allt eins og hér.

Það er ástæða til að telja þetta stórfrétt úr heimi vísindanna. Reyndar eru menn fyrir löngu sannfærðir um tilvist annarra reikistjarna. En eitt er að gera sér grein fyrir, að svo

hljóti að vera, hér og þar um hinn víða geim, og annað að geta sagt með vissu að þarna eru hnöttir, sem líklega eru byggilegir. Sól sú, sem hér á jörð hefur verið kölluð stjarnan Vega eða Blástjarnan og Forn-Íslendingar kölluðu Suðurstjörnu, af merkilegum stjarnfræðiastendum, er „jötunsól, sem ræður fyrir furðulegum jarðstjörnum“.

Mbl. 16. 12. 1986.

Vetrarbrautir



(Science de l'univers, bls. 191).

Myndin sýnir fjölda vetrarbrauta í mikilli fjarlægð, svo nemur tugum og hundruðum milljóna ljósára. — Furðuleg næsta, er sú nýlega fengna vitneskja okkar jarðarbúa að flestir draumskapendur okkar eru íbúar annarra stjarna, annarra sólhverfa.

I. A.

Ritgerð um atburði í Gísla sögu Súrssonar

I.

Gísli biður Auði konu sína ganga með sér og vaka, láta frá loku er hann komi aftur. Hann tekur spjótið Grásíðu, gengur að bæjarlæknum, veður lækinn til Sæbóls, gengur til fjóss, bindur halana saman á nautunum, býr þannig um, að ekki skal uppljúka sunnanvert.

Hann athugar, hvort Geirmundur hafi geymt hlutverka sinna. Hann hyggur að hvort allir muni sofa, sér ungs manns hönd kippa ofan kolu og slökkva ljósið. Gísli gengur að lokhvílu Þorgríms og Þórdísar, þreifar fyrir sér, tekur á Þorgrími kyrrt. Leggur í gegn Þorgrím með Grásíðu.

Gísli fer skyndilega sömu leið til baka, svo eigi sáust spor.

Auður lætur loku fyrir hurð. Síðan gengur Gísli til sængur eins og ekkert hafi í orðið.

Ónefndur höfundur.

II.

Pessi stutta ritgerð var skrifuð sem prófverkefni hjá Námsflokkum Reykjavíkur fyrr nokkrum árum.

Eins og sjá má var fjallað um Gísla sögu Súrssonar. Lengd ritgerðarinnar átti að vera mest 120 orð, en höfundur skrifaði 118 orð. Hann taldi hins vegar ekki fjölda orðanna áður en hann skilaði verkefninu, en hitti samt nánast nákvæmlega á að skrifa ritgerðina í réttri lengd.

Höfundur vissi sáralítið af sér meðan hann skrifaði þetta, og þar að auki réð hann ekki heldur yfir þeirri kunnáttu í fornu máli, sem þarf til að semja slíka ritgerð.

Því verður að telja, að hér sé um sérstaklega skemmtilegt dæmi að ræða um ósjálfráða skrift.

Ég tel mig ekki þurfa að fara fleiri orðum um þetta, en vil þó að lokum geta þess, að höfundur vill ekki láta nafns síns getið.

Páll R. Steinarsson.

III.

Ég hef verið beðinn að segja álit mitt á því, sem hér kemur fram. Það sem mér kom fyrst í hug — áður en ég las umsögn Páls — var það, hve snilldarlega einföld hún væri þessi endursögn á öðru kjarnaatriðinu í Gíslasögu. Gíslasaga er svo að segja byggð utan um þennan atburð, sem gerist á Sæbóli og Hóli í Dýrafirði, og öll aðalatriði hans koma hér rétt fram. Í þessum stutta kafla eru nokkrir setningarhlutar og orðatiltæki samhljóða því sem er í sögunni sjálfri.

Það er þrennt sem mér þykir styðja þá skoðun Páls Steinarssonar, að um ósjálfráða skrift sé að ræða: 1. þessi 118 orð — því að enginn semur endursögn þannig, að hann telji orðin um leið. 2. „Höf. vissi sáralítið af sér” — það er nú einmitt þetta, sem veitir sambandið. 3. hvað þessi stutti söguþráður er **vel saminn á fornu máli** seitn á 20.öld. Gefur þetta nokkra hugmynd um, hvað til þyrfti að koma, ef íslensk tunga ætti að endurrísa, og ef menn vildu nokkuð til þess vinna að svo yrði.

Líkur hafa verið til þess leiddar, að höfundur Gíslasögu hafi verið Sturla Bárðarson, af Sturlungaætt, sem nokkuð kom við sögur. Sé þetta rétt, þykir mér hann einnig líklegastur manna til að hafa stýrt penna nemandans í Námsflokkum Reykjavíkur, á þann hátt sem að ofan greinir.

Gíslasaga er sorgarsaga, jafnframt því að vera hetjusaga. Hún á erindi við okkur enn þann dag í dag — ekki til þess að atburðir hennar verði endurteknir, heldur til þess að við lærum af þeim. Og þá allra helst til þess að söguhetjurnar verði okkur minnisstæðar, því að það fólk hefur fyrir löngu komist á framfaraleið.

Þorsteinn Guðjónsson.

Þorsteinn Guðjónsson:

Hann uppgötvaði Aríana

Framúrskarandi gott, stutt erindi um Rasmus Kr. Rask, hinn mikla málfræðing, sem Árni Böðvarsson flutti í hádegisútvarpi 22. nóv. vakti mér löngun til að bæta þar nokkru við, sem ég vissi fyrirfram, að ekki yrði minnst á við þessa merku minningaráthöfn, - sem er málfræðingum til sóma, á þeirri eymdaröld sem nú er. En hvað var það nú annars, sem Rask fann og var svo frábært, að hann er síðan talinn með mestu málfræðingum sem uppi hafa verið? Vissulega ber fyrst að nefna virðingu hans og aðdáun á íslenskri tungu, því að það er mest um vert að kunna að meta þá tungu. Hún er æðst, hún er elst þeirra sem varðveist hafa, og hún er fullkomnust í þeim skilningi, að góð hugsun (heimspeki) orðast best á henni. En svo er hitt sem er nokkurnvegginn jafn mikils vert, og það er, að Rask fann upprunann, þetta að flestöll tungumál, allt frá Íslandi og Írlandi í vestri, til Indlands í austri hafa átt sér sameiginlega móðurtungu, sem finnst að vísu hvergi skráð, en hefur þó jafn örugglega til verið og að fjórir eru það, þegar tveir og tveir hafa verið lagðir saman.

Þessa tungu talaði sú móðurþjóð, sem byggði löndin frá Atlantshafi til Úralfjalla eða lengra þrjú þúsund árum fyrir Krist og miklu lengur, og ól af sér nokkrar þjóðir þær sem ágætastar urðu um tíma: Forn-Indverjar, Forn-Persar, Hittítar og Tokkarar, Grikkir og Rómverjar, Germanir, Keltar og Slavar og Illýrar o.s.frv. Þessa þjóð uppgötvuðu þeir Rasmus Rask, Thomas Young, Bopp og Grimm, sem allir voru að þessu verki sínu á fyrsta þriðjungi 19. aldar. Rasmus Rask er þannig í fremstu röð þeirra, sem **uppgötvuðu Aríana**, og hefur margur orðið frægur fyrir minna. Sennilega hefur hann verið aðalbrautryðjandinn, þó að hinir þrír, sem ég nefndi, væru vissulega engir aukvisar.

Jóhann Örn Jónsson

(Burknar, Ljóð, 1922)

HELGA JARLSDÓTTIR

Í Hólminum stóð hún Helga bein,
und harmanna reginþunga.
Sólfríð, djarfleg á svip og hrein,
tvo syni hún leiddi unga.
Hörður var fallinn við heljarstein,
svo hún var ein. —
En gyðja syngur sigurljóð,
við sævar flóð.

Hún starði til landsins, stilt og heið,
sem stjarnan í bláins hvelfing.
Hvíslar: Þungfær er þessi leið,
en þyngri' er míni hjarta-skelfing.
Nú legg ég út á bárur blá,
með börn míni smá. —
En gyðja syngur sigurljóð,
við sævar flóð.

Hún svam úr Hólmi með syni two,
það sumarsins kvöldið blíða.
Til meginlands henni miðar svo; —
slík mynd sést nú eigi víða.
Hún sigrar bláan báruher
og börn sín ver.
Mikla hetja, heill sé þér! —
En gyðja syngur sigurljóð,
við sævar flóð.

Ingvar Agnarsson:

Ljómi lífdagur

Breiðir sig birta
um björg og hálsa
og um djúpa dali.
Æðri ljómi
að ofan stígur
allra böl að bæta.

Ljómar lífdagur
leiftrum skærri,
hæstum himni frá.
Líta skulu
lýðir jarðar
birtu öllu æðri.

Víkja skal
úr veröld allri
heift og hatur manna.
Hamingjan ein,
sú heillagyðja
veiti frið og fögnum.
(1510)

Halldór Pjetursson:

Megi ljósið skína

Með þökk fyrir mig og mína
migi ljósið skína
yfir þig og þína
og lýsa veginn
beggja megin.

(Petta mun vera eitt af síðustu ljóðum þessa góða félaga) I. A.

Sefafjöll

Draumsýn og draumvísa

I.

Ég hafði ekki getað sofið í nokkra klukkutíma og komið var undir morgun. Ég leggst því enn út af og býst til að sofa. Svefn sigur á brár. En þegar ég er rétt kominn á milli svefns og vöku, kemur skyndilega og mér með öllu óvænt, nær fullmótað í huga minn, erindi, svo sem fyrsta vísa kvæðis. Jafnframt birtist mér landslag og samtímis þeirri sýn kom skýrt í vitund mína nafnið *Sefafjöll*. Ég skildi að þetta var nafnið á fjöllunum, sem hér blöstu við augum. Ég sá mikinn fjallgarð bak við breiðan dal eða sléttlendi, og ég sá glampa á breitt fljót, sem rann þar til sjávar. Sól skein á brúnir tinda, en hliðar og dalbotninn allur var í dökkbláum skugga. Ég sá á sjó til vinstri, fram undan enda fjallsins og dalsmynnisins og greindi rauðleita birtu útundan fjalls-endanum og ég sá, að tindar fjallsgarðsins voru sveipaðir rauðleitri birtu.

II.

Nú glaðvaknaði ég í einni svipan, náði mér í blað og pennu og ritaði í skyndi hina aðsendu vísu, en fannst þá eins og einhver væri nærstaddir, sem ætlaðist til framhalds, enda barst mér greinilega eins og aðsent framhaldandi efni. Viðbótin varð tvær vísur, og varð ég að móta þær eftir eigin getu að mestu eða öllu leyti, en þó eins og undir umsjá þessa sambandsvinar.

Undarlegt var að mér skyldi berast nafnið *Sefafjöll*, því ekki vissi ég hvað orðið sefi þýddi. En alveg var vafalaust að þetta nafn, Sefafjöll, barst huga mínum, í eða með fyrstu vísunni, sem kom í hálfsofandi vitund mína, ásamt draumsýnni, enda þótti mér fjallgarðurinn heita Sefafjöll.



III.

Þorsteinn Guðjónsson hefur bent mér á, að í Helgakviðu Hundingsbana II, í Eddukvæðum komi þetta nafn fyrir, þar sem talað er um heimkynni Sigrúnar frá Sefafjöllum. Auðsætt er, að í kvæðinu er verið að lýsa fögru landslagi, þar sem lengra komnir eiga heima.

Í Helgakviðu kemur orðið Sefafjöll fyrir á sex stöðum, og er auðsætt að þar hefur Sigrún átt sér bústað. Sigrún var valkyrja og fór loft og lög. Hún er því ekki ættuð af okkar jörð og bústaður hennar er þá einnig á öðrum hnerti eins og líka fjallendið *Sefafjöll*. Merkilegt sýnist mér, ef mér hefði í draumi birst sýn til þessara ákveðnu fjalla, sem svo oft ber á góma í hinu forna kvæði.

Í Helgakviðu eru nefndir staðir svo sem: Brálundur, Bragalundur, Hlébjörg, Leiftrarvatn, sem vel gætu bent til staðháttá á öðrum hnerti, þar sem betur hagar til um fram vindu lífs, en enn er af að segja á okkar jörð.

Ég læt hér á eftir fylgja vísurnar um Sefafjöll eins og þær urðu í huga mér.

Ég teiknaði undireins upp útlínur þess landslags, sem mér birtist, eins rétt og mér var unnt. Einnig setti ég fljótlega í myndina, eftir bestu getu, þá aðalliti, sem skýrastir komu fram í draumsýn þessari, og sem voru mér mjög minnisstæðir, enda var ég hrifinn af þeirri litafegurð, sem hér bar fyrir augu.

Þess má geta, að í orðabókum er nafnorðið *sefi* þýtt með: hugur, sinni, hugskot og sagnorðið *að sefa* (sem mun vera skylt) er þýtt með: róa, friða, hugga. Merking orðsins *Sefafjöll* er því fögur í meira lagi og mun hæfa þeirri stefnu, sem ríkjandi kann að vera á þeim hnetti sem hér um ræðir.

*Ingvar Agnarsson,
(Dreymt 19. 5. 1989.)*

Sefafjöll

Ljóst er að líta
ljósroðna tinda,
sól þótt sofi
bak Sefafjöllum.

Dimmt er í dali
því dögun bíður,
fellur í forsælu
fljót um dal.

Skjól er í skugga
skýlinna fjalla.
Sefur enn sól
undir Sefafjöllum.

*Ingvar Agnarsson,
(Dreymt 19. 5. 1989.)*

Fólkið yndislega og laugin sérkennilega

(Draumur)

I.

Það dreymdi mig að ég kæmi gangandi til einhvers staðar og þótti mér ég vera hér öllu og öllum ókunnur. Þó fannst mér eins og hér væri mín beðið, og hefði för minni verið beint hingað með fjarhrifakrafti (þ.e. með huglægum hætti.)

Hér var mjög margt fólk, karlar og konur og voru allir ungar eða ungfullorðnir. Ég fann að hér var ég velkominn, allir brostu til míni, hér ríkti eining og samstilling og gleði. Ég fann góðvild streyma um mig frá öllu þessu fólki og fylla sál mína gleði. Ég tók eftir að allir voru hvítir á hörund með ljóst hár, fagurt andlitsfall og limaburð, hreyfingar allar mjúkar og svífandi, fullar yndisþokka.

Ég litaðist um. Hér var stór lautarslakki. Volgt vatn fyllti þessa lægð. Voru bakkar þessarar stóru laugar ýmist gerðir af mannahöndum, eða náttúrulegt umhverfi látið ráða. Fólk óð eða synti um laugina, en sumir stóðu saman í smáhópum ýmist úti í vatninu eða á laugarbörmunum og einnig á smáeyjum eða skerjum, sem stóðu upp úr vatninu hér og þar. Ég fór út í vatnið. Það var mótmæla volgt og notalegt. Ég óð hér um og fylltist miklum unaði. Þeir sem ég mætti brostu við mér og mér fannst ég verða sem einn þeirra og samstillast þeim með nokkrum hætti.

Mér fannst ég vera hér alllengi. En að lokum dvínaði draumur og ég smávaknaði. Ég sá eftir að hverfa úr þessu yndislega ástandi, sem ég hafði notið um sinn. Og ég naut áhrifa draumsins góða stund, eftir að ég var að fullu vaknaður.

II.

Ekki hef ég í vöku notið yndisáhrifa slíkra sem í draumi þessum, þótt verið hafi í hópi samstilltra vina á gleðistundi.

Hygg ég að hér hafi draumgjafi minn notið að samstill-
ingar og yndistilfinningar æðri en við jarðarbyggjar höfum
af að segja og muni hann vera íbúi jarðstjörnu, þar sem
lífstefnan er á fullkomnara stigi en enn er raunin á hér á
jörðu.

Ingvar Agnarsson, 28. 3. 1989.

Konan fagra á jólatrésskemmtuninni (Sýn og draumur)

Þegar ég var á tólfra ári, þá var ég í skóla í Flatey. Á
jólunum var höfð jólatrésskemmtun í skólanum. Allir
krakkar fengu að fara og ég hlakkaði til.

Þegar við komum í skólann, þá var búið að setja ljós um
allt og verið að ljúka við að kveikja á trénu. Þá var bara að
klæða sig úr yfirhöfnunum og slást í hópinn. Svo var
sungið. Ekki man ég eftir neinum mömmum með krökk-
unum. En þau minnstu voru sótt þegar búið var. Þarna tek
ég eftir fallegri konu á peysufötum. Hún var með sítt fléttuð
hár, svart. Hún gekk með okkur í kringum tréð og söng með
okkur. Ég var heilluð af þessari konu og horfði alltaf á
hana. Hún hélt í hönd á tveim litlum telpum og leiddi þær.
En svo þurfti ég að laga á mér skóinn, og er ég leit upp aftur
var konan farin. Ekki nefndi ég þetta fyrr en ég kom heim.
Þá fór ég að spyrja fólkið um konuna og lýsa því, hvað hún
hefði verið fín, en enginn kannaðist við þessa konu.

En í desember næsta ár þá dreymir mig þessa konu, og þá
segir hún við mig: „Nú get ég ekki komið í veturn til ykkar
og verið með til að ganga í kringum jólatréð, því ég er að
flytja svo langt í burtu“. Mig dreymdi þetta nærrí ári seinna
og þetta var sama konan, nema ekki eins fín, enda þá ekki
jól komin aftur, bara til að láta mig vita.

*(Ritað í maí 1989.)
Katrín Sólbjartsdóttir.*

SAMBANDSFUNDIR

Fyrir miðilsmunn 19. 10. 1987.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Sigurrós Jóhannsdóttir.

(Sigurrós):

Kona.

Sæl.

Sigurrós.

Jæja, Sigurrós talar enn og enn er hugurinn hinn sami og var, með framförunum og með starfi byggðu á bjargi sannleikans og kærleikans. Ekki eru menn fáir í villu og vanda staddir og þurfa hjálpar og leiðsagnar við. Þekki ég vel mannlegt eðli og þykist vita sitt af hverju um hugarfar manna á jörðinni, eins og reynsla míni hefur sannað. Oft er hægt að biðja fyrir mönnum með árangri. En menn kunna ekki að meta það alltaf, þó þeim sé hjálpað. Ég ætla ekki að eyða mörgum orðum að því.

En hér er ég í framlífi meðal göfugs fólks og merkilegur framfarahugur ríkjandi hjá fólkini. Á öllum sviðum bókstaflega er þetta bersýnilegt, að hér er sannur framfarahugur að verki og að baki viðleitninni, hvort sem hún stefnir til likamlegs eða andlegs máls.

Hér er stórkostleg stjörnusambandsstöð, forkunnarfögur bygging og glæsileg á að líta, þar sem fara fram margskonar sambandstilraunir og fræðsla. Hjálp veitt á mörgum sviðum. Öllum þeim, sem í stöðina koma, finnst þeir endurnýjast að orku og viti og góðum vilja. Er þar undirstaðan hinn rétti skilningur á eðli sambandann við enn aðrar stjörnur. Pannig að segja má með sanni, að stöð þessi sé mönnum heilsu og læningastöð hin mesta og fræðastöð og mannbóta fyrir fullkomnara samband uppávið.

En sú ósegjanlega dásamlega birta, sem fylgir æðra sambandi og heimsóknum frá æðri hnöttum, er slík, að því er líkast, að himininn óendanlegur og óþrotlegur sé í aug-

sýn. Sólir og vetrarbrautir og hin fullkomna fegurð skín æðra ljósi í sal þeim hinum stórkostlega, er þessari stöð tilheyrir.

Öll er bygging þessi hugsuð og gerð eftir æðri fyrirmyndum, því að það er nauðsynlegt, ef takast á nægileg samstilling við skyldar en þó æðri lífstöðvar og sambandsstöðvar þar á fjarlægum hnöttum, að leitað sé fyrirmynnda á æðri lífstöðvum, er byggja skal hinar fullkomnu sambandsstöðvar og það er nú óskandi, að hugmyndir manna á jörðinni varðandi allt útlit og fyrirkomulag slíkra stöðva verði samboðnar fyrirmundunum á fullkomnari hnöttum, er menn fara að átta sig á nauðsyn þess, að slíkar stöðvar verði reistar þar öllu mannkyni til blessunar og vaxandi þroska.

Jæja, ég er nú, eins og heyra má, með hugann við jörðina talsvert og finnst þar þurfi að verða hugarfarsbreyting og stefnubreyting á mannlegu lífi. Breyting sem dugar til framfara. Sú kyrrstaða og jafnvel öfugþróun, sem þar er svo ríkjandi, þarf að hverfa úr sögunni og að í staðinn komi stjörnusambandshugarfarið. En með útsýn og yfirsýn alls mannkyns til stjarnanna og skilningi á eðli líforkunnar verður hnötturinn stilltur til sambands þess, sem veitir fyllstu og fullkomnustu þekkingu.

Verður þetta ekki lengra í kvöld og þakka fyrir.

Blessuð og sæl.

(Gunnar Hjörvar ritaði eftir segulbandsupptöku).

Fyrir miðilmunn 20. 07. 1987.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Grímur Thomsen.

Grímur Thomsen, skáld.

Sæl verið þið öll.

Er ég ekki í vafa um, að kenning Helga Pjeturss byggi á traustum rökum. Það eru uppgötvanir hans (sem) eru um draumlíf og fjargeislun milli lifendanna í alheimi og flutninga milli hrattanna og sambönd þar margþætt og margvísleg og það samband, sem Helgi talar um vetrarbrautanna og sólhverfanna á milli á skemmra en augabragði er staðreynd.

Nú þarf ég ekki að segja ykkur þetta reyndar, þó ég ekki geti látið ónotað tækifærið til að minnast á það samt og það er mjög ákaflega áríðandi, að það verði lýðum ljóst, að samband er milli lífsins á hnöttunum og án þess sambands væri óhugsandi jarðnesk lífstilvera og þetta er undirstöðusannleikur: *Lífsamband milli stjarnanna er frumskilyrði lífsskópunar á stjörnunum.*

Já, það er undursamleg tilveran og möguleikar hennar til samstillingar í óendantlegum stjörnugeimi og verður hver orðlaus að hugsa til þess, hve tilveran er stórkostleg og hvað lífið, möguleikar þess eru óþrotlegir og það verður æ ljósara og auðskiljanlegra hverjum, er hugleiða vill tilveruna og lífið og beitir þar greind og athugun, að lögmál lífs og efnis og orku eru guðalögmul. Það er æðri viska og æðri máttur þar að baki. *Það er þetta guðlega í tilverunni, (hið) fullkomna samræmi og fegurð og máttur og viska, sem hvarvetna leitast við að ryðja sér til rúms og setja mark sitt á efnið.*

Pakka svo fyrir og verið sæl.

(Gunnar Hjörvar ritatíð eftir segulbandsupptökum).

Fyrir miðilsmunn 31. 08. 1987.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Snorri Sturluson.

(Snorri Sturluson):

Komið sælir.

Snorri hinn forni Sturluson.

Heilir og sælir, er mál mitt heyrið og er framliðinn talar.

Ekki þarf ég að segja frekari deili Íslendingum á mér. Ég sem Forn-Íslendingur er ekki síður nú en áður talandi guðamálið og *færi betur, að hin göfuga tunga Fornmannanna yrði mál mannkynsins alls* og yrði því til eflingar í framsókninni til vaxandi samstillingar við Æsi og aðra íbúa annarra hnatta lengra komna, munu þeir fullan hug hafa á að hjálpa Íslendingum og norrænum þjóðum á framfarabraut.

En það, sem er undirstöðunauðsyn, er (að) fornálið sé haft í hávegum og hugsanir íslenskar hafðar að leiðarstjörnu, sambandshugsanir og uppgötvanir. En sú orka, sem fornmann höfðu af guðunum þegið og vit og málsnilld slík, að það er einstakt og mætti fullyrða að það, sem þar tókst best, sé mikil binding um, hvaða tilraun þarna hafi átt sér stað í mannkynssögunni.

Jæja, ég held það sé vert að hugsa um liðna tíð í réttu ljósi og sjá, hvað þar var í framfaraátt og hvað ekki.

Nú hugsa ég um margt í framlífi bæði um sögulegt og annað efni. Ég skrifa bækur á íslensku máli og veit skil á mörgu betur og hefi því fleira fram að fáera um norræna sögu og íslenska um aldirnar og guðina og örlög þjóða og einstaklinga. Ég sé úr hliðskjálf minni hinni miklu um heima alla. Geimdjúpið lýkst upp fyrir mér. Heimshverfin og óendanleg tilvera, þar sem allir möguleikar opnast og leiðir eru til óþrotlegs afsl og máttar og visku og fegurðar. Þar er enginn á að verða einskisverður, heldur vaxa og eflast óendanlega. Þar er sagan, er allt felur í sér hið smæsta og hið stærsta og þar er söguefni, er aldrei þrýtur.

Pakka nú fyrir og verið sælir.

(Gunnar Hjörvar ritaði eftir segulbandsupptöku).

Fyrir miðilsmunn 2. 5. 1988.

Miðill: Sveinn Haraldsson.

Fram kom: Axel Gunnarsson.

(Axel Gunnarsson):

Geislar kraftur til ykkar jarðar mikill víða að úr stjörnum frá æðri mannkynjum og vitrari og máttugri og göfugri. Og það er þetta guðsamband, sem svo er kallað, sem mannkynið svo mjög vanhagar um og vitsamband sérstaklega upp á við til æðri hnatta. Geislán sú, sem segir til sín í draumum og í svefninum, er fjargeislun milli hnatta.

Verið blessuð.

(Gunnar Hjörvar ritaði eftir segulbandsupptöku).

Til lesenda Lífgeisla

Nú er komið að lokum þessa árs, 1990, og sendum við ykkur, kærū lesendur Lífgeisla, hér með sjötta og síðasta hefti ársins. Við vonum að árið hafi verið ykkur hagstætt á sem flestum sviðum, og að þið hafið notið hagsældar og heilsu og sem nánastra sambanda við lengra komna lifendur annarra sólhverfa í endalausum alheimi stjarnanna, enda trúum við því að þangað sé að leita þeirrar orku og lífmagnanar, sem ekki verður án verið ef farsældar á að verða notið, hvort heldur við erum þess vitandi eða óvitandi.

Lengra komnir lifendur annarra lífstjarna munu margsinnis í aldanna rás hafa beint hingað til jarðarbúa (og annarra ámóta illa settra mannkynja), óþrotlegri orku sinni og samtakamætti til að hefja okkur af helvegi þeim, sem genginn hefur verið, yfir á lífsins leið en ekki tekist enn sem komið er, og sést á því, hve erfitt er að breyta um frá helstefnu til lífstefnu. Og þó hefur sithvað áunnist í átt til hinnar réttu stefnu, og langhelst það, er tókst að koma hér fram hinum rétta skilningi á sambandseðli lífsins í alheimi. Það var einmitt þessi undirstöðuskilningur, sem dr. Helgi Pjeturss varð fyrstur jarðarbúa til að bera fram eins og Nýalsrit bera gleggst merki um.

Ýmislegt bendir nú til að enn sé hafin ný sókn guðanna (þ.e. lengra kominna, guðlegra mannkynja annarra hnatta) til að koma hér fram breytingu frá helstefnu til lífstefnu, og má þegar sjá þess nokkur merki: Hrunið er að mestu, eitt versta her- og kúgunarveldi sögunnar og mjörg þjóðriki hafa þar með öðlast frelsi; alda skyndalegra lifnaðarháttá er að breiða um sig meðal alþýðufólks í mörgum löndum, og margt fleira mætti nefna í svipuðum dúr.

Nú riður á, að undir verði tekið með þessari „lífflæði“, sem þegar er farin að gera vart við sig víða í löndum, og í þeim efnum ættum við Íslendingar að standa fremstir í flokki, enda stöndum við allra þjóða best að vígi, þar sem okkur hefur verið gefinn í hendur sá undirstöðuskilningur sem í Nýalsbókum má lesa, um slikt lífstreymi, frá lengra komnum stjarnbyggjum.

Stjórn Félags Nýalssinna þakkar ykkur öllum, lesendum Lífgeisla, ánægjuleg samskipti á þessu ári, sem nú er að kveðja, og óskum ykkur jafnframt gæfu og gengis og aukinnar lífmagnanar á komandi ári.

10. des. 1990.
F.h. ritstjórnar og Félags Nýalssinna.
Ingvar Agnarsson.

Leiðréttинг á prentvilli:

Í Lífgeislum nr. 61 árið 1990 birtist ljóðið: Heimsókn eftir Þorbjörn Ásgeirsson. Því miður hafði nafn höfundar misritast, svo að þar stóð Þorbjörn Ágústsson í stað Þorbjörn Ásgeirsson. Við viljum biðja höfundinn, sem er einn okkar elstu og bestu félaga, innilega afsökunar á þessum mistökum, sem leiðréttast hér með.

Fyrir hönd ritstjórnar Lífgeisla,
Ingvar Agnarsson.

Lífgeislar

Útgefandi: SKÁKPENT, Dugguvogi 23, Reykjavík, símar 91-31975, -31391, -31335, fyrir hönd Félags Nýalssinna, Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík
 Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT

ERINDI OG GREINAR:

Sólhverfið.

(Sjá forsíðumynd) I. A.	bls.	182
Áhrif magnanarinnar. Þorsteinn Guðjónsson	"	183
Ónógar varnir (brot). Helgi Pjeturss.	"	188
Feigðarsýn. Katrín Sólbjartsdóttir	"	189
Að athuga eigin drauma		
(með 2 myndum). I. A.	"	190
Minningafræðin. Þorsteinn Guðjónsson	"	192
Hvar er himnaríki (með mynd). I. A.	"	194
Vakning við sjóinn. Gunnar Hjörvar	"	196
Reikistjörnur við Vegu		
(með mynd). Þorsteinn Guðjónsson	"	198
Ritgerð um atburði í Gísla sögu Súrssonar. Ónefndur		
höfundur (og umsögn P.R.St. og P.G.	"	201
Hann uppgötvaði Aríana. P. G.	"	203

LJÓÐ:

Helga Jarlsdóttir. Jóhann Örn Jónsson	"	204
Ljómar lífdagur. Ingvar Agnarsson	"	205
Megi ljósíð skína. Halldór Pjetursson	"	205
Sefafjöll. I. A.	"	208

DRAUMAR:

Sefafjöll (með mynd). Ingvar Agnarsson	"	206
Fólkið yndislega og laugin sérkennilega. I. A.	"	209
Konan fagra á jólatrésskemmtuninni.		
Katrín Sólbjartsdóttir	"	210

SAMBANDSFUNDIR:

FYRIR MIÐILS MUNN. Gunnar Hjörvar ritaði ..	"	211
Sigurrós Jóhannsdóttir	"	211
Grimur Thomsen (skáld)	"	212
Snorri Sturluson	"	213
Axel Gunnarsson	"	214

MYR:

Helgi Pjeturss (úr Nýal)	"	193
--------------------------------	---	-----

ÝMISLEGT:

Til lesenda Lífgeisla. I. A.	"	215
-----------------------------------	---	-----